
Selstaða í Drumbabót: Könnunarskurðir



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Guðrún Alda Gísladóttir, Kristborg Þórsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús A. Sigurgeirsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
FS586-15381
Reykjavík
2016



Rangárling eystra



SKÓGASAFN
Skógar museum



Forsíðumyndin er af hól *RA-221:029b* í landi Breiðabólstaðar. Myndina tók Lilja Björk Pálsdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2016
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is


INNIHALD

1. INNGANGUR	5
2. FRAMKVÆMD OG UPPGRÖFTUR.....	7
Skurður 1	8
Skurður 2	10
Skurður 3	12
Skurður 4	12
Skurður 5	13
Skurður 6	14
3. FUNDIR FRÁ DRUMBABÓT	16
Varðveisla	16
Aldursgreining.....	17
Gripasafnið	17
Málmgripir	18
Viður.....	20
Leir	21
Raf	21
Steinn og steindir	21
4. NIÐURSTÖÐUR.....	23
HEIMILDASKRÁ.....	28
VIÐAUKI I: DRUMBABÓT 2015; GJÓSKULAGARANNSÓKN	31
VIÐAUKI II: LJÓSMYNDIR AF GRIPUM OG ÚR VETTVANGSRANNSÓKN	35
VIÐAUKI III: GRIPASKRÁ	43
VIÐAUKI III: EININGASKRÁ	47
VIÐAUKI IV: HNITASKRÁ	48



1. Inngangur

Á Markarfljótsaurum, framan við Þverá, er svæði sem kallast Drumbabót.¹ Þar eru leifar forns birkiskógar sem talið er að hafi eyðst í hamfaraflóði úr Mýrdalsjökli í kjölfar Kötlugoss. Samkvæmt aldursgreiningu eru trén um 1200 ára gömul (822-823 e. Kr.).² Á einum stað í Drumbabót blasa við mannvistarleifar (sjá mynd 11, bls. 23). Þar eru tveir hólar, sá stærri þakinn grjóti úr byggingum en við minni hólinn er regluleg, afmörkuð grjótdeif. Í stærri hólnum hefur fundist fjöldi gripa sem vindrof hefur afhjúpað á síðustu áratugum og hafa flestir verið færðir Skógasafni til varðveislu. Minjarnar eru viðkvæmar, í stórhættu vegna vindrofs og aukins ágangs ferðamanna sem farnir eru að leggja leið sína á staðinn. Athygli er vakin á Drumbabót á vefsíðu *Kötlú Geopark*³, á svæðinu er upplýsingaskilti þar sem minjanna er getið og farið er með ferðamenn þangað í skipulagðar ferðir.⁴ Að Drumbabót liggur vegslóði frá Fljótshlíðarvegi og þangað er aðeins fært vel útbúnum bílum. Það er m.a. yfir tvær óbrúðar kvíslar Þverár að fara og aðgangurinn takmarkar heimsóknir að einhverju leiti.



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins sýnt með rauðum kassa.

Áhugi rannsakenda á staðnum vaknaði fyrst sumarið 2014 þegar hann var skráður sem hluti af aðalskráningu fornleifa á Breiðabólstað fyrir sveitarfélagið Rangárþing eystra. Ljóst þótti að rannsókn á minjunum þyldi ekki langa bið vegna þess hversu illa farnar þær voru af vind- og vatnsrofi og þeirri hættu sem þeim stafaði af auknum straumi ferðamanna. Sótt var um styrk í Fornminjasjóð árið 2015 til þess að grafa könnunarskurði og var verkefninu úthlutað hluta þeirrar fjárhæðar sem sótt var um. Markmið rannsóknarinnar var að aldursgreina minjarnar, meta umfang þeirra og álykta um hlutverk þeirra. Rannsóknin varpar einnig ljósi á hvenær byggð hófst á svæðinu og hversu lengi hún varði. Skógasafn styrkti rannsóknina með

¹ Örnefnið Drumbabót hefur fest við ákveðið svæði í seinni tíð en drumbarnir hafa fundist á mun stærra svæði.

² Ólafur Eggertsson. 2013. <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/1906>

³ <http://www.katlageopark.is/skoda/drumbabot/>

⁴ Guðni Þór Guðmundsson. 2015. Pers. comm.

gripagreiningum og sveitarfélagið Rangárþing eystra styrkti verkefnið sömuleiðis með gístiaðstöðu. Eru þeim færðar þakkir ásamt Minjastofnun Íslands fyrir lán á Trimble stöð.

Fornleifafræðingarnir sem unnu að rannsókninni voru Kristborg Þórsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Guðrún Alda Gísladóttir hafði umsjón með gripagreiningu og Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur hjá Íslenskum Orkurannsóknum (ÍSOR) sá um greiningu á gjóskulagasýnum. Unnið var með samþykki Minjastofnunar Íslands, leyfisnúmer 2014070055.

2. Framkvæmd og uppgröftur

Fornleifarannsóknin fór fram 28. - 30. september 2015. Grafnir voru sex könnunarskurðir í hólana, þeir mældir upp með GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 og mældir inn í ISN93 kerfið. Fimm skurðir voru teknir í hól A en einn í hól B. Skurðirnir voru ljósmyndaðir en þar sem sáust mannvistarlög var einnig gerð sniðteikning og jarðlög skráð samkvæmt einingakerfi (e. single context recording). Verður fjallað sérstaklega um hvern og einn skurð hér á eftir.

Í skýrslu FS597-13031 *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2013-2015*⁵ er minjastaðnum lýst svo:

„RA-221:029 bæjarhóll býli

63°42.725N 20°07.128V

"Sunnan við Dæluna er alda, sem liggur frá vestri til austurs, vestast í öldu þessari er grjóthóll, þar mun hafa verið smiðja eða jafnvel bær, því við uppgröft fannst þar margt muna, svo sem brýni, skeifnabrot, hestskónaglar o.fl.," segir í örnefnalýsingu. Í svæðisskráningu minjastaða í Rangárvallasýslu sem gerð var árið 1999 af Orra Vésteinssyni segir: „Að sögn Oddgeirs í Tungu hefur blásið upp bæjarstæði austur af Lambey [221:012]. Þar hafa fundist gamlir munir. Norður af því er sandur, uppúr honum standa trjástofnar um 30 cm langir.“ Bæjarhóllinn er 100 m vestan við bílastæði í Drumbabót og upplýsingaskilti sem þar er. Kristinn Jónsson, heimildamaður, er m.a. með í förum sínum kvarnastein sem blés upp á bæjarhólnum og auk þess eru fjölmargir gripir sem þarna hafa fundist á byggðasafninu á Skógum. Bæjarhóllinn er vestast á stórum melhól, 2,1 km vestan við Aurasel 225:001 og 3,1 km suðaustan við Breiðabólstað 221:001.

Allt umhverfis minjarnar er svartur sandur og lágar melöldur. Fornir trjádrumbar standa uppúr sandinum allt umhverfis hólana en skógurinn eyddist í jökulhlaupi veturinn 822-823. Svæðið gengur undir nafninu Drumbabót en það á ekki við minjarnar sem hér um ræðir, þær eru nafnlausar.

Tveir rústahólar eru á svæði sem er 70x50 m að stærð og snýr NNA-SSV. Lýsingin hefst til suðurs á hól A sem er bæjarhóllinn. Hóllinn er vestast á stórum melhól, um 100 m löngum frá austri til vesturs og 2-3 m á hæð. Ekki sjást minjar á austurluta þess hóls. Bæjarhóllinn er 33x30 m að stærð, L-laga og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að segja til

um nákvæma hæð hans en hann er 1-2 m á hæð. Dæld gengur inn í suðurhlið hans og stjórnar löguninni. Grjót dreif afmarkar minjarnar en ekkert er hægt að segja til um lag eða gerð minjanna að öðru leyti. Grjótið þekur allt svæðið og greinilegt að mannvistarleifar eru undir sverði þrátt fyrir skemmdir vegna ágangs Þverár, Markarfljóts og uppblásturs í gegnum tíðina. Þetta eru hleðslusteinir og hellugrjót að mestu. Skrásetjarar fundu brýni úr flögubergi, koparbrot og járnklump við yfirferð sína. Beinn bakki liggur þvert yfir bæjarhólinn og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er gróinn í toppinn og meiri jarðvegur í honum en svæðinu umhverfis. Hóllinn er hæstur til vesturs. Hliðar hans eru brattar til suðvesturs og suðausturs. Hóll B er 55 m norðaustar. Hann er 25x11 m að stærð, 1-1,5 m á hæð



Mynd 2. Hóll A, horft til VSV.


⁵ Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Óútgefin skýrsla. FS597-13031. Áætlað er að skýrslan komi út vorið 2016.

og snýr austur-vestur. Ekki sér til minja á hólum en líklegt er að mannvistarlög leynist undir sverði. Á milli hólanna, við suðvesturhorn hól B sést grjótdreif á 8x5 m stóru svæði.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Aurasel OG, 2; Orri Vésteinsson, 101.

Á mynd 3 hér fyrir neðan sést umfang rannsóknarsvæðisins, afstaða hólanna og staðsetning könnunarskurðanna.




Mynd 3. Yfirlit rannsóknarsvæðisins og staðsetning könnunarskurða. Ljós svæðið sýnir umfang og afstöðu hólanna en bláa svæðið mannvistarleifar.

Skurður 1

Skurður 1 var grafinn í miðjan hól A, norðaustarlega á honum. Þar er hryggur sem liggur eftir hólum endilöngum (A-V) og bendir til þess að mannvist sé þar undir sverði. Á yfirborði er óregluleg grjótdreif og bratt niður af til norðurs. Til suðurs er aflíðandi halli. Skurðurinn var 5x1 m að stærð (N-S) og 0,2-0,7 m á dýpt. Í suðurenda var komið niður á torfvegg sem hlaðinn var úr finlegum strengjum og norðan hans var torfhrun, líklega utan við bygginguna. Veggurinn hafði verið byggður ofan á þunnt áfokslag sem var yfir grófu gjóskulagi úr Heklu 1510. Engin gjóskulög höfðu varðveist ofan á minjunum. Grjót var neðst í veggnum. Engir gripir fundust.

Skurður 1	
Eininganúmer	Lýsing
8	Yfirborð, sandur/áfok
9	Torfhrun, veggjahrun
10	Torfhrun, mögulega þakhrun
11	Grófur vikur
12	Svört gjóska
13	Torfveggur, strengur
14	Óhreyft, hugsanlega jaðarrof

Tafla 1 Einingaskrá; skurður 1.




Mynd 4. Sniðteikning vesturhliðar í skurði 1. Steinar eru sýndir svartir.

Skurður 2


Skurður 2 var grafinn í miðja suðurhlið hólís A, við suðausturmörk hans. Á yfirborði var afmörkuð grjótdreif, um 2x2 m að stærð, og bratt af hólnum til suðurs. Skurðurinn var 5x1 m að stærð (NNA-SSV) og 0,7-0,8 m að dýpt. Mannvistarlög komu strax í ljós við hreinsun á yfirborðslögum, aðallega torfblandaður jarðvegur og viðaraska (17). Torfveggur var syðst í skurðinum og annar nyrst. Syðri veggurinn (16) var 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð og gerður úr þunnum strengjum, afar svipuðum og í skurði 1. Nyrðri veggurinn (24) var ekki hlaðinn úr sama finlega torfinu, þar var mikið af áfokslögum og hann sást einna best í austursniði. Á milli veggjanna var niðurgröftur fullur af ösku og áfokslög inn á milli öskunnar. Niðurgröfturinn var tekinn í gegnum þunnt gólf. Örformgerðarsýni voru tekin úr gólfi (19) og öskunni. Askan var viðaraska með kolum og illa varðveittum, brenndum beinum. Ekki var grjót í veggjum. Ein hóffjöður fannst í öskunni.

	Skurður 2
Eininganúmer	Lýsing
15	Yfirborð, sandur/áfok
16	Torfveggur, strengur og veggjahrun
17	Viðaraska
18	Sandur, áfok?
19	Gólf
20	Viðaraska með viðarkolum og brenndum beinum
21	Blandað lag, áfok, viðaraska og torfblendingur
22	Viðaraska með viðarkolum og brenndum beinum
23	Blandað lag, áfok og torfhrun
24	Torfveggur, strengur
25	Niðurgröftur

Tafla 2. Einingaskrá; skurður 2.



Mynd 5. Sniðteikning austurhliðar í skurði 2. Rauða línan sýnir niðurgröft og svart steina.



Mynd 6. Flatarteikning af skurði 2.

Skurður 3


Hann var 3x1 að stærð (NNA-SSA) og er 0,4 - 0,5 m djúpur. Hann var grafinn í miðjan hól B en þar sást ekkert á yfirborði. Er skemmst frá því að segja að engin mannvistarlög sáust í þessum skurði og voru snið hans fremur einsleit. Var um sand að ræða (sjá mynd 7) og þótti ekki ástæða til að teikna snið af þeim sökum.



Mynd 7. Skurður 3, horfi til suðurs.

Skurður 4

Skurður 4 var grafinn í norðausturhorni hól A. Hann lá þvert yfir sama hrygg og skurður 1 en grjóthleðsla (26) sást í austurenda hans. Skurðurinn var T- laga, 5x1 m að stærð (N-S) niður hólinn og 2x1 m austur-vestur. Grjóthleðslan var einföld og líklega undirstöður veggjar. Strax var komið niður á torfblandað áfokslag (28) en undir því var jarðvegurinn óhreyfður. Í suðvesturhorninu sást torfveggur (27) í sniðinu, líklega framhald veggjar (13) sem sást í skurði 1, leifar hans um 0,2 m á hæð á þessum stað. Skurðurinn var stækkaður til norðurs og var framhaldið 2x1 m að stærð. Þar var einungis torfblandaður jarðvegur og áfokslög.



Mynd 8. Flatarteikning af skurði 4. Grjót er sýnt svart.

Skurður 4	
Eininganúmer	Lýsing
26	Grjóthleðsla
27	Torfveggur, strengur. Sama og 013
28	Yfirborð, sandur og blandað torf

Tafla 3. Einingaskrá; skurður 4.

Skurður 5

Skurður 5 var staðsettur uppi á miðjum hól A, þar sem flestir jarðfundnir gripir hafa fundist á síðustu árum.⁶ Á yfirborði var grjót á stöku stað og sandur. Skurðurinn var 4x1 m að stærð (A-V) og 0,2 m djúpur. Þar fannst einn nagli og gulleitur, lífrænn jarðvegur efst. Að öðru leyti var jarðvegurinn torfblandaður og óhreyfður rétt undir yfirborðinu. Ekki þótti nauðsynlegt að teikna snið- eða flatarteikningu af þeim sökum. Þarna virðast allar minjarnar vera blásnar burtu en

⁶ Kristinn Jónsson, Pers. comm.

líklega var þetta „inni“ í tóft sé litið á samhengi við könnunarskurði 1, 4 og 6 sem eru þarna rétt norðar og í ljósi þess að flestir gripir hafa fundist á þessu svæði.



Mynd 9. Könnunarskurður 5, horft til vesturs

Skurður 6



Skurður 6 var norðvestarlega á hól A, þar sem hryggurinn sem liggur þvert yfir hólninn er hæstur. Hér er um sama hrygg að ræða og skurðir 1 og 4 lágu í gegnum. Skurðurinn var 2x1 m (N-S) að stærð, 0,2-0,6 m að dýpt. Í honum var m.a. komið niður á gólf (4). Í því fannst viðargjörð úr tunnu, sem var of illa farin til að hægt væri að hirða hana, og viðaraska. Veggirnir voru gerðir úr svipuðum streng og í könnunarskurðum 1 og 2, afar finlegum og ekki sjást grjót nema mögulega neðst.

Skurður 6	
Eininganúmer	Lýsing
1	Yfirborð, sandur/áfok
2	Blandað lag, áfok og torfblendingur
3	Áfok og torfhrun
4	Gólfslag m/ viðar- og móösku og viðarkolum
5	Torfveggur, strengur
6	Viðaraska í niðurgrefti 7
7	Niðurgroftur, hlutverk óþekkt

Tafla 4. Einingasskrá; skurður 6.

Drumbabót 2015

Skurður 6



Gólf
 Torfveggur
 Niðurgröftur

Mynd 10. Sniðteikningar á suður- og vesturhlíðum skurðar 6

3. Fundir frá Drumbabót

Nær allir gripirnir frá Drumbabót eru lausfundnir af yfirborði minjasvæðisins, nema þeir tveir sem fundust við fornleifarannsóknirnar. Flestir gripirnir hafa verið týndir upp af Kristni Jónssyni bónda á Staðarbakka og Sveinbirni Jónssyni á Hvolsvelli og er það fyrir þeirra tilstilli að svo mikið sem raun ber vitni er nú til af munum frá Drumbabót. Samkvæmt Kristni hafa flestir gripirnir á síðustu árum verið tíndir upp þar sem skurður 5 var tekinn (sjá mynd 3).⁷ Gripirnir hafa verið að berast á Þjóðminjasafnið og Skógasafn síðan um eða upp úr 1990, að því best verður séð. Alls eru því 221 gripur auk dýrabeina lausfundinn en tveir gripir auk dýrabeina fundust við fornleifarannsóknirnar haustið 2015. Frá Drumbabót eru tiltækar upplýsingar um c. 223 gripi þegar samantekt var unnin að hausti 2015. Talið er að flestir tengist þeim hinum forna minjastað sem þar er. Gripirnir eru skráðir undir 50 fundanúmerum en auk þess eru fjórir gripir sem hafa ekki fundanúmer, og um 0,2 kg af dýrabeinum, sem skráð eru undir 5 fundanúmerum. Alls eru þetta 55 fundanúmer. Flestir gripanna eru í Skógasafni (alls 48 fundanúmer; 215 gripir og dýrabein), Staðarbakka í Fljótshlíð (5 gripir), Þjóðminjasafni Íslands (2 gripir) og Fornleifastofnun Íslands (2 gripir auk dýrabeina undir 5 númerum).

Þeir lausfundnu gripir frá Drumbabót sem varðveittir eru í Skógasafni eru skráðir í gagnagrunninn Sarp, sem sérsafn yfir jarðfundna gripi og bera gripirnir einkennisstafina DRU-fundanúmer.


Um forvörslu gripa fundna við fornleifarannsókn í Drumbabót 2015 sá Jannie Amsgaard Ebsen forvörður. Eftirtaldir fornleifafræðingar sáu um aðrar greiningar; Lísabet Guðmundsdóttur (viður), Gavin Lucas (leirker), Elín Ósk Hreiðarsdóttir (perla) og Sólveig Guðmundsdóttir Beck (kvarnarsteinar). Ýmsar sértækar upplýsingar um gripina frá Drumbabót og fundaraðstæður eru fengnar frá Þórði Tómassyni í Skógum. Um greiningu annarra gripa, gerð gagnagrunns og ritun þessa kafla sá Guðrún Alda Gísladóttir.

Varðveisla

Málmgripir eru í góðu ástandi og halda þeir lagi sínu vel en lífrænar leifar (s.s. leður, textíll eða viður) eru ekki til staðar utan brots af viðargjörð, sem hefur haldið saman stafaílláti. Viðurinn hefur varðveist vegna þess að gjarðaendarnir voru festir saman með koparnagla, en lífrænar leifar varðveitast stundum komist þær í snertingu við mál. Auk þess fundust nokkur dýrabein

⁷ Kristinn Jónsson. 2015. Pers. comm.

sem eru flest fremur fúin og illa varðveitt en önnur brot eru brennd. Næststærsti efnisflokkur frá Drumbabót er steinn og steindir en allt það sem hefur verið hirt af þessum tegundum, utan brýna, kvarnarsteina og eldsláttusteins, er ósnert af mannahöndum. Sumir þessara óunnu steina eru í jarðveginum frá náttúrunnar hendi en aðrir aðfluttir af mönnum. Ekki hefur verið greint þar á milli í þessari athugun. Súluritið í töflu 5 sýnir fjölda funda innan einstakra efnisflokka.



Tafla 5. Fjöldi funda innan hvers efnisflokks. Dýrabein eru örfá, vega alls um 200 gr.

Aldursgreining

Gjósukulög benda til að mannvist hefjist eftir að Katla gaus 1510⁸ en staðarins er ekki getið í Jarðabókinni 1710 sem bendir til að þá hafi hann ekki verið lengur í notkun.⁹ Leifarnar eru því frá 16.-17. öld.

Gripasafnið

Efnisflokkarnir frá Drumbabót eru 10 (sjá töflu 6) en fáir gripir eru í hverjum og má einkum rekja það til lélegra varðveisluskilyrða auk þess sem telja má líklegt að eitthvað hafi horfið af mannavöldum þar sem gripir hafa legið á yfirborði.

Það þarf að setja fyrirvara um túlkun á brotakenndum minjum líkt og hér eru til skoðunar. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hvar á minjasvæðinu gripirnir hafa fundist svo það er vandkvæðum bundið að draga ályktanir af því hvað þeir endurspegla í tíma

⁸ Sjá skýrslu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar í viðauka I í hér að aftan.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1710. 1913-17, 139-175.

og rúmi s.s. starfsemi eða hlutverk einstakra húsa/svæða á ákveðnum tíma.¹⁰ Þá leiddu fornleifarannsóknirnar 2015 einnig í ljós að mannvist í Drumbabót virðist hafa verið árstíðabundin, að minnsta kosti um tíma, svo gripirnir geta spannað langt tímabil og því óvíst að þeir hafi verið í notkun á sama tíma. Þá þarf að hafa í huga að þegar gripir hafa verið tíndir á löngum tíma þá getur ekki verið fullvissa um að allir komi frá sama staðnum eða tengist sömu byggingum en þegar á heildina er litið gefur fundasafnið innsýn í störf og umsvif Fljótshlíðinga á Aurunum framan Þverár á 16.-17. öld.

Málmgripir

Eins og stöplariðið hér að ofan sýnir er járn stærsti efnisflokkurinn. Stærstu flokkar einstakra tegunda eru hóffjaðrir (~ 49), naglar (~39), kengir (~12) og blindingar (og nokkrir sem eru sennilega blindingar, ~10 talsins og eru til að halda saman tveimur viðarhlutum og sjást ekki utan frá).¹¹ Hér með skal einnig telja skeifubrot tvö. Þessir framangreindu gripir fylla helming gripasafnsins. Bera þeir allir merki notkunar og margir eru bognir, brotnir og undnir. Hóffjaðrir og skeifur eru gripir sem alla jafna mætti ætla að fyndust í skemmu eða smiðju en naglar, kengir og blindingar hafa haldið saman ýmsu timburverki s.s. áhöldum og innréttingum. Fleira mætti hæglega fella í flokk með þeim fundum sem á undan eru upptaldir því þeir sem eru taldir hér á eftir eru ógreinanlegir vegna smæðar og varðveislu: Járnbrot og smáteinar, sem sumt gæti verið af nöglum, en ógreinanlegt frekar, alls 21 talsins (DRU-26 & -36). Annað það sem vel gæti fallið undir gripi sem eru úr sér gengnir og væri búið að henda – eða endurvinnna - er t.d. járnklumpur (DRU-41), undin járnlykkja (DRU-37), járnbrot (DRU-8) og vírbútur (DRU-25).

Talsvert er um fundi úr koparblöndu og eru margir þeirra sama marki brenndir og járngrípirnir, t.d. samantvöðluð koparþynna sem líkist helst vari eða hlíf, jafnvel slíðri (DRU-11) og skældar þynnur og rær (DRU-12, -38, -39), alls 11 brot.

Fyndist svo mikið magn af notuðum og brotnum járngrípum á einum og sama blettinum t.d. í smiðju gæti það talist vísbending um að þetta væri brotamálmur sem ætti að endurvinnna, en alþekkt var að bræða gamlan málm í nýja gripi.¹² Hafa ber í huga að ekkert járngrjall er í Drumbabótarsafni og sáu fornleifafræðingar sem rannsökuðu á vettvangi haustið 2015 ekkert slíkt á yfirborði. Einu vísbendingarnar um að unnið hafi verið að málmsmíði eru bráðnir blýmolar (DRU-15 & -27), samantvöðluð skæld blýþynna (DRU-39) og lítill ádráttur úr blýi

¹⁰ Sjá t.d. umfjöllun um brotakennd gripasöfn í Elín Ósk Hreiðarsdóttir et al. 2012, 25, 29.

¹¹ T.d. [Án höfundar]. 1940. „Drög að iðnorðasafni fyrir trésmíðar“, 42-43; Kristján Eldjárn. 1988. „Forngrípaskrá.“, 94; Mördur Árnason (ritstj.). 2002, „blindur“.

¹² Þór Magnússon. 2004. „Málmsmíðar. Gripir til gagns og þýði.“, 308-309.

(DRU-14) og er hér stungið upp á að hann hafi verið smíðaður í Drumbabót. Ljóst er að málmsmíðar voru ekki fyrirferðamiklar og einu vísbendingarnar eru hið örlitla handverk úr blýi sem að ofan er getið. Þó er ekki loku fyrir það skotið að þarna hafi verið gert að áhöldum til að halda verkum gangandi, lagfæra og smíða.

Greinanlegir gripir eru innan um og sumir um margt athyglisverðir. Fyrst ber að nefna silfurgrip R-7201. Er honum svo lýst af Þórði Tómassyni safnverði í Safnskrá Rangárvallasýslu:

Litill ferhyrndur silfurgripur, 2,3 x 2,3 cm, gataður á hornum. Sporöskjulaga umgerð, 2,1 x 1 cm. er ofan á honum, greinilega gróp fyrir skrautstein. Einföld strikaskreyting með brúnum. Jón [Ólafsson bóndi á Kirkjulæk í Fljótshlíð] fann gripinn í uppblásturs bæjarrúst nærri svonefndri Drumbabót fyrir neðan Þverá í Fljótshlíð, nú í landi Breiðabólstaðar... Gripurinn var nánast jafnlitur jarðvegi. Við skoðun kom í ljós að þetta var silfur. Miklar líkur eru til þess að gripurinn sé skreyti af miðju textaspjaldi kirkju og koma hér tveir staðir til álita, Breiðabólstaður og Lambey, en þar var kirkja fram um miðaldir.¹³

Sé gripur þessi af textaspjaldi er hann að líkindum frá því fyrir siðaskipti þegar skreytt textaspjöld tíðkuðust um skinnblöð guðsrita. Annar gripur lausfundinn fannst við sama tækifæri og silfurgripurinn, það er bókarspennsl (án númers),¹⁴ lettruð málmspöng, úr koparblöndu.

Tveir steypdir knappar úr koparblöndu af skaftendum hnífa með flötum breiðum tanga hafa fundist í Drumbabót (DRU-13 og -31). Á Englandi eru til dæmi um knappa svipaðrar gerðar þar sem tangarendinn gengur inn í knappinn. Svo virðist sem DRU-13 gæti verið af svolítið eldri formgerð knappa sem talin er til tímabilsins c. 1200-1500¹⁵ en DRU-31 líkist formgerðum sem taldar eru frá 16. öld eða þar um bil.¹⁶ Auk knappanna fannst fallegur járnhnífur, einjárnungur, sem ber safnnúmerið R-7023 og er „sérstæður að gerð og ekki yngri en frá 16. öld. Óvíst er hvort hann er íslensk eða útlend smíði.“¹⁷ Knapparnir tveir og hnífurinn fylgja formgerð hnífa sem höfðu breiða þunna tanga og ánegldar kinnar sitt hvoru megin (scale-tang knives) og fara að birtast í Bretlandi á 13.-14. öld.¹⁸ Séu hnífar sem fundust við fornleifarannsóknir í Gamlabænum í Osló hafðir sem viðmið til aldursgreiningar þá virðist sem þessi gerð komi þar fram nokkru síðar en á Bretlandi eða um og upp úr 1500 (fram á 17. öld).¹⁹ Hnífar með breiða tanga sem fundust við fornleifarannsóknir á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn virðast einkum koma fram í lögum frá svipuðum tíma og í Osló eða 16.-17.

¹³ Þórður Tómasson. *Safnskrá Rangárvallasýslu. Byrjuð 2002*, R-7201.

¹⁴ Þórður Tómasson. 2015. Pers. comm.

¹⁵ Portable Antiquities Scheme. Knife. Unique id: BERK-847D48

¹⁶ Portable Antiquities Scheme. Knife. Unique id: BERK – E52583.

¹⁷ Þórður Tómasson. *Safnskrá Rangárvallasýslu. Byrjuð 2002*, R-7023.

¹⁸ Goodall, Ian. H. 1993. „Iron knives.”, 128; Goodall, Ian H. 2011, 108.

¹⁹ Færden, Gerd. 1990. „Metallgjenstander.”, 268 fig. 31, 273-274.

öld en eitt dæmi fannst úr lögum sem talin eru frá miðöldum (c. 1250-1550).²⁰ Svo virðist sem formgerð hnífa með breiðum tanga fylgi hér á landi fremur tímasetningum Norðurlanda og komi fram í kringum 1500, en þetta hefur þó ekki verið skoðað kirfilega. Rannsóknir í Kaupmannahöfn sýna að hnífar með hinu forna lagi (mjóum tanga, whittle tang knive) voru smíðaðir áfram og svo var það einnig hér á landi. Það sýnir t.d. hnífasafnið sem hefur fundist við fornleifarannsóknir í Skálholti og nær það til um 1800.²¹ Gott dæmi um jarðfundinn hníf (án númera) með knapp og kinnar er á sýningu í Skógasafni. Sá fannst í rúst á Fornusöndum (FO II) undir Eyjafjöllum.²²

Þá eru meðal gripanna frá Drumbabót þrír litlir heilir krókar, allir af sömu gerð (DRU-20) en um hlutverk þeirra verður ekki sagt að sinni. DRU-24 er lítill brotinn járnhlutur með holum legg og við enda leggjarins sveigð lykkja, sennilega brotinn hringur. Þetta gætu verið leifar lykils. Þrjú brot (DRU-9) gætu verið af kertakolum (ljósahaldi/kertahaldi). Brotin eru áþekkt; hvass spíss eða tangi sem hefur flatt ferstrent snið og á tveimur brotanna er flathamraður endi, nú skertur. Líkist því að gætu verið brot af ljósahöldum líkt og Kristján Eldjárn sýnir í forngripaskrá yfir gripi í Skálholti²³ og kertakolu í yfirliti Þórðar Tómassonar yfir gripi frá Fornusöndum undir Eyjafjöllum.²⁴ DRU-06 er meitill, ferstrendur í sniði, skallinn er svolítið hnoðaður. Meitillinn er heill utan þess að brotið er af bláendanum. Hliðarnar dragast saman á tvær hliðar í fleyglaga egg.

Af ofantöldum gripum eru DRU-24 og DRU-9 afar illa farnir. En hinir gripirnir eru allir heilir- eða svotil, þó sumir hafi þeir verið hluti af stærri grip.

Viður

Einn viðargripur er í Drumbabótarsafninu, DRU-16. Sennilega er það endabrot af viðargjörð um stafailát og endar festir saman með koparnagla og ró. Viðurinn er skógarfura, ekki var hægt að greina hvort hún er rekaviður, en væri hún þá frá Austur-Rússlandi. Ef innflutt þá væri það að öllum líkindum frá Norður-Evrópu.²⁵

²⁰ Whatley, Stuart. [án ártals] Rådhuspladsen KBM 3827. Knives Report; [án bls.tals]; Karen Green Therkelsen. 2011. KBM 3928 *Vester Voldgade m.fl. Vestervold Kvarter, Københavns Sogn, Sokkelund Herred Københavns Amt*, 60-61.

²¹ Lucas, Gavin. 2016. Pers. com.

²² Þórður Tómasson. 1986. „Sögubrot úr Sandhólma.“, 17 sjá næstefstu mynd.

²³ Kristján Eldjárn. 1988. „Fornigripaskrá.“, 90 mynd 47 af S352, S353, S352, S349 og S350.

²⁴ Þórður Tómasson. 1986. „Sögubrot úr Sandhólma.“, 17 sjá efstu mynd.

²⁵ Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. Viðargreining grip DRU-16.

Leir

Fjögur leirkersbrot (DRU-32) hafa fundist, þar af tvö af sömu gerð og sennilega af sama íláti:

- a) Eitt brot af þrífættum potti (pipkin), sennilega frá Rínarhéruðum, og talið vera frá 16.-18. öld. b) Tvö diskabrot frá Skandinavíu eða N-Þýskalandi, sennilega frá 16.-18. öld.²⁶ c) Leirkersbrot með ljósum glerungi, ógreint.

Raf

Ein perla, að líkindum úr rafi, er meðal þeirra gripa sem fundist hafa í Drumbabót en greining hennar er gerð með fyrirvara þar sem ekki gafst tækifæri til að skoða hana nema af ljósmyndum. Rafperlur hafa fundist hér á landi allt frá víkingaöld en þvermál þeirra og stærð tók nokkrum breytingum, minnkaði, eftir víkingaöld og getur það því gefið vísbendingar um aldur þeirra.²⁷ Perlan frá Drumbabót virðist vera sambærileg að gerð við þær mörgu perlur sem fundist hafa hér á landi frá síðari öldum. Raf finnst aðallega við Eystrasaltsstrendur en einnig vestar s.s. við strendur Noregs, Þýskalands, Englands og Hollands.²⁸

Steinn og steindir

Einkar athyglisverð eru átta brot, af því sem best verður séð, öll af sömu steintegund, skráð undir tveimur númerum (DRU-30 og Þjms. 1992—25). Þau eru af innfluttum norskum kvarnarsteini sem notaður var til að mala korn.²⁹ Gerðar voru efnagreiningar á Þjms. 1992-25 og var hægt að rekja hann til námu í Setså í Saltdal sem er í Norður-Noregi. Blómatímabil þeirrar námu var á milli 1000-1400 en hún lagðist smám saman af í kjölfar Svarta dauða þó framleiðsla hafi haldið áfram fram yfir 1700.³⁰ Steinabrotin fundust ekki á sama tíma og virðast hafa fundist dreifð um minjasvæðið. Sennilegast er að brotin DRU-30 komi einnig frá Saltdal og verður að teljast líklegt að allt séu þetta brot úr sama kvarnarsteininum því þessi gerð steina er afar fágæt hér á landi.³¹ Í ljósi þess er athyglisvert að kvarnarsteinsbrot frá Saltdal fannst einnig við fornleifarannsóknir í Kúabót í Álftaveri, sem er talin hafa farið í eyði á 15. öld,³² og einnig eru þekkt brot frá Hlíðarenda í Fljótshlíð svo nú eru þekkt nokkur brot af þessum norsku

²⁶ Lucas, Gavin. 2015. Greining á leirilátum skráðum undir DRU-32.

²⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2007. „Medieval and early modern beads from Iceland.“, 21 fig. 5, 22.

²⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2007. „Medieval and early modern beads from Iceland.“, 20.

²⁹ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2015. Greining á DRU-30, broti á Staðarbakka af ljósmynd og Þjms. 1992-25.

³⁰ Grenne, T., Heldal, T., Meyer, G.B. and Bloxam, E.G. 2008, 64 fig. 30.

³¹ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2015. Pers. comm.

³² Lilja Árnadóttir. 1987. „Kúabót í Álftaveri VIII.“, 97-99.

steinum á Suðurlandi.³³ Á Staðarbakka (án númera) er einnig varðveittur þriðjungur úr yfirsteini af kvörn með kraga um gatið. Sú er af algengri gerð, úr blöðróttu íslensku basalti og smíðuð á Íslandi. Greiningin er gerð með fyrirvara um að gripurinn var greindur af ljósmynd.³⁴

Brýni skráð undir DRU-29 og brýni sem geymt er á Staðarbakka gera samtals 6 brot af innfluttum brýnum, sennilega frá Noregi. Öll eru þau mikið eydd. Þá hafa fundist tvær venjulegar fiskasleggjur, brotnar, úr blöðróttu basalti í Drumbabót (DRU-42 OG -43). Aðrir steinar sem hafa verið týndir upp á minjasvæðinu eru óunnir náttúrusteinar litríkir og fallegir (DRU-17 og DRU-28) með einni undantekningu sem er innflutt tinna til eldsláttu og er hún geymd undir númerinu DRU-17.

³³ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2016. Pers. comm.

³⁴ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2016. Pers. comm.

4. Niðurstöður

Við rannsóknina var strax ljóst að minjarnar í Drumbabót eru illa farnar af völdum uppblásturs. Þrátt fyrir það var unnt að svara rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með og setja fram tilgátu um hlutverk minjanna, aldur og nýtingu.

Minjarnar eru nafnlausar og ekki er vitað til að þeirra sé getið í rituðum heimildum fyrr en í örnefnalýsingu Aurasels árið 1975.³⁵ Ekki er vitað hversu gamalt örnefnið Drumbabót³⁶ er eða hvenær uppblásturinn byrjar að herja á þetta landsvæði. Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er rituð árið 1710 er uppblástur þekkt vandamál á þessu svæði og þar segir m.a.:

"Lambey. [...] Bygðin gat ekki lengur haldist vegna stórkostlegs yfirgangs af blásturssandi, so tún alt og mikið af högum er fordjerfað, kann þess vegna aldrei aftur byggjast. Hagar sem eftir eru brúkast til beitar frá Breiðabólstað."³⁷

Líklega var ekki þekkt býli eða sel á þessu svæði þegar Jarðabókin er skrifuð en hafa ber í huga að selja eða beitarhúsa er ekki getið þar í öllum tilvikum. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1902 fjallar Brynjúlfur Jónsson m.a. um þetta landsvæði og áhrif Þverár og Markarfljóts á umhverfið. Þessara minja er ekki getið þar né drumba, en hins vegar eru drumbar að blása upp þá á svokölluðum Teigsaurum nokkru austar. Í grein Brynjúlfs segir:

„Þar sem landbrot af vatnavöldum hætti milli Aurasels og Höfðans, hefir vindurinn tekið við. Hefir þar blásið upp víðlent beitiand, sem sumt tilheyrði Breiðabólstað. [...] Þá er Veitan var að brotna, urðu þar bakkar háir en hyldýpi undir; stundum lagðist vatnið þó frá um hrið. Þá fundust þar dýpst undir bökkunum, viðarstofnar miklir, er allir voru ófúnir og fastir á rótum, en lágu nær flatir til vesturs. Og þá er Þverá gróf Rásina, fundust þar samskonar viðarstofnar, bæði langir og digrir. Benedikt Diðriksson, [...] hafði löngum fjárgeymslu á Aurunum og fór oft þar um, sem nýlega var uppblásið, — en jarðvegurinn, sem af var blásinn, hafði verið mjög þykkur, — sagðist oft hafa fundið þar í sandinum ófúna trjástofna, langa og digra. [...] Þykt jarðvegarins, sem blés af á þessum slóðum, má marka af því, er Páll í Ey sagði mér. Þá er hann mundi fyrst, kringum 1860, voru svo háir melar fyrir ofan Ey, að bærinn á Breiðabólstað sást ekki upp yfir þá heldur að eins Háakot, sem er efst á túninu. Nú eru þeir melar blásnir burt, og sér nú vel bæinn Breiðabólstað frá Ey.“³⁸

Þetta bendir til þess að minjarnar hafi byrjað að blása upp áður en Jarðabókin var rituð 1710 og uppblástur staðið fram á miðja 20. öld þegar varnargarður var reistur við Þverá.³⁹

³⁵ Oddgeir Guðjónsson, 1975, 2.

³⁶ Það er ekki talað um Drumbabót í örnefnalýsingum né birtist það á herforingjaráðskorti frá 1908.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1913-1917, 174.


³⁸ Brynjúlfur Jónsson, 1902, 15-18.

³⁹ Sunnlenskrar Byggðir IV, 1982, 363-364.

Landsvæðið á Aurunum í kringum Drumbabót tilheyrir nú kirkjunni á Breiðabólstað. Ekki er vitað hvort svæðið var eign Beiðabólstaðar á 17. öld en stórbýlið Lambey fór í eyði 1702 og land þess féll undir Breiðabólstað í kjölfarið.⁴⁰ Það er líklegt að minjarnar í Drumbabót séu minjar frá öðrum hvorum þessara bæja en það eru getgátur og þarfnast frekari rannsóknar. Selstaða Breiðabólstaðar fram yfir Móðuharðindi var í Auraseli og í Lambey eftir að sú jörð fór í eyði. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir:

"Lambeyjar land, er áður var stórbýli fyrir neðan Þverá og lá undir Breiðabólstað, en fór af fyrir sandi, er síðan lagt undir staðinn, og hefur þar laungum verið haft fé þaðan vetur og sumar, en kýr í seli um sumartímann; en bæði hefur land þetta mjög gengið af sér fyrir sandfoki, og líka er Þverá opt ófær yfirferðar, sumar og vetur, og verður þá að fara á ferju í landið, eða mikin krók, og er því ekki annað sýnna, enn að staðarhaldarinn hafi það eina gagn af landinu, að hann láni það Landeyjarmönnum til lambagaungu og hrossabeitar."⁴¹

Breiðabólstaður á tvær selstöður á Aurunum á 18. öld (Lambey og Aurasel) og minjarnar í Drumbabót eru mitt á milli þeirra. Ólíklegt er að þær séu samtíða báðum selstöðum



Mynd 11. Staðsetning minjanna á svokölluðum Aurum.

Breiðabólstaðar en sú staðreynd að Breiðabólstaður var með tvær selstöður niður á Aurunum er áhugaverð og vekur upp spurningar. Hjáleigur Breiðabólstaðar voru nokkrar og mögulega

⁴⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1913-1917, 174

⁴¹ Jarðatal Johnsen, 1847, 49.

nýttu þær selin nokkrar saman. Einnig er hægt að velta upp þeirri hugmynd að Breiðabólstaður hafi átt tvö eða fleiri sel, eitt fjársel, eitt kúasel eða „útstöð“ þar sem annars konar vinna fór fram. Það gæti skýrt kvarnasteinana sem þarna hafa fundist og eitt af annars óskráðum selstörfum, kornmölun. Heimildir um sel á Aurunum geta einkum um mjólkurvinnslu á sumrum í seljum.⁴²

Staðsetning minjanna er áhugaverð þegar litið er til þess hve mikil eyðilegging varð á þessu svæði vegna ágangs Markarfljóts og annarra vatnsfalla sem runnu þarna óbeisluð um aldir. Árnar höfðu mikil áhrif og stjórnuðu í raun aðgengi og nýtingu landsins niðri á svokölluðum Aurum. Eyðileggingin hefst á miðöldum þegar Markarfljót brýtur sér leið í Þverá, Affallið og Ála.⁴³ Minjarnar eru uppi á hól og hafa því sloppið að einhverju leyti við vatnsagann. Það skipti miklu að sel og beitarhús væru vel staðsett á Aurunum því oft urðu vatnsföll ill- eða ófær og fólk átti erfitt með að komast þangað og heim aftur. Þrátt fyrir það virðast samgöngur hafa verið miklar um Aurana og götur sjást víða á svæði sem hefur náð að gróa aftur upp áður en bílaöldin hélst innreið sína.⁴⁴ Göturnar hverfa í árfarvegi og uppblástur en greinilegt er að mikil hreyfing var á þessu landsvæði. Staðsetning minjanna gæti tengst samgöngum, leiðirnar fylgdu ánum og á tímabili gæti þetta hafa verið áningarstaður eða sæluhús á leiðinni yfir Aurana.

Samtals voru grafnir sex skurðir á rannsóknarsvæðinu og mannvist fannst í þeim öllum að skurði 3 undanskildum. Minjarnar eru á náttúrulegum hól, nánast beint ofan á gjósku úr Heklu 1510, þunnt áfokslag er þar á milli. Ekki sást ummerki um mannvist undir þeirri gjósku í jarðvegssniðum sem tekin voru á rannsóknarsvæðinu af Magnúsi A. Sigurgeirssyni víðsvegar um hólinn.⁴⁵ Í skurðunum var komið niður á vegg úr tveimur byggingum sem líklega voru samtíða sé tekið mið af torfinu sem var í þeim og eru báðir ofan á sama gjóskulagi frá 1510. Skurðir 1, 4 og 6 eru að öllum líkindum teknir í sama vegginn en skurður 2 í aðra byggingu, sem var suðaustar. Í þeirri byggingu sjást mögulega tvö byggingarstig en hún er mikið röskuð. Helsta vísbending þess er að torfið er grófara í nyrðri veggnum og meiri mýrarrauði. Í skurði 2 kom í ljós niðurgröftur, fullur af viðarösku, og var hann grafinn í gegnum þunn gólflög og nyrðri vegginn að hluta. Áfokslög voru í öskunni og greinilegt að fyllt var upp í niðurgröftinn eftir einhvern tíma.

⁴² Jónas Jónasson. 1961. Íslenzkir þjóðhættir, 62; Bragi Sigurjónsson. 1985. „Selfarir.“, 20 (t.d.); Þórður Tómasson. 2015. „Teigssel og selstörf.“, 163-172.

⁴³ Þórður Tómasson. 2015. „Teigssel og selstörf.“, 163. Ekki er vitað hvað átt er við með orðinu miðaldir eða hvenær Markarfljót breytir farvegi sínum.

⁴⁴ Þórður Tómasson. 2015. „Teigssel og selstörf.“, 163; Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Óútgefin skýrsla. FS597-13031. Áætlað er að skýrslan komi út vorið 2016.

⁴⁵ Sjá skýrslu í Viðauka I

Snúum okkur að gripunum frá Drumbabót. Með sanni má segja að gripasafnið sé stærsta gripasafn úr selstöðu sem fundist hefur en jafnframt það brotakenndasta. En hverjir af þeim tengjast selstörfum beint? Skuggar starfshátta birtast í gripunum: Hóffjaðrir og skeifur seljahesta. Naglar, blindingar og kengir eru úr tréáhöldum og innréttingum, og brot úr trégjörð um stafáílát. Varðveisla lífrænna leifa er slæm í Drumbabót og þannig er það oftast í íslenskum jarðvegi. Mikill meirihluti áhalda sem notuð voru við selstörf var tréáhöld og væri einungis að vænta þeirra sem einhverra hluta vegna hefðu eyðilagst á staðnum því annað var flutt heim þegar seltíma lauk. Leirkerabrotin koma á óvart í þessu samhengi því leirilát verða ekki almenn á Íslandi fyrr en á 19. öld,⁴⁶ en brotin eru örfá og ósamstæð og eitt þeirra var þrífættur pottur notaður til að elda í mat eða jafnvel við mjólkurvinnsluna. Sennilegt er að bættar koparþynnur séu af koparkötlum sem vatn hefur t.d. verið hitað í til verka. Kertakolurnar gætu hafa verið notaðar síðsumars í seli, en ef til vill af gegningarmönnum í niðamyrkri að vetri til, hafi það tíðkast í Drumbabót að nota selið sem fjárhús á veturnum. Ef til vill var geymdur tinnusteinnur í Drumbabót allt árið um kring. Brýni voru nauðsynleg til að hvetja hnífa sem sífellt þurfti að nota, en afar athyglisvert er að einu hnífarnir eða hnífaleifarnar sem varðveist hafa eru ekki af liprum og handhægum vasahnífum eða hversdagshnífum heldur af finum hnífum með koparknöppum og áfestum kinnum. Slíkt er á skjön við það sem búast mætti við. Erum við þá farin að færa okkur yfir í þá gripi sem ekki endilega mætti búast við að finna í selstöðu. Fiskasleggjur mætti láta liggja á milli hluta því harðfiskur getur hafa verið barinn og hafður til matar í seli. Ef greiningin á lyklinum er rétt þá hefur verið læst hirsla í selinu. Óvenjulegir fundir gefa innsýn í möguleg hjáverk selfólks. Bráðnu blýmolarnir og litli blýádrátturinn benda t.d. til handverks. Járnmeitillinn getur verið af sama meiði. Leifar eftir fina málmvinnu hafa áður fundist í seli hér á landi, þó í minjum frá víkingatíð.⁴⁷ Einkar athyglisverðir eru kvarnarsteinarnir frá Drumbabót. Tvær gerðir kvarnarsteina fundust, annarsvegar mörg brot sem eru þó sennilega af einum og sama steininum. Brotin eru af auðþekktri norski steintegund sem rekja má til námusvæðis sem fór að mestu úr notkun á 15. öld. Hinsvegar íslenskur yfirsteinn af kvörn. Mætti telja að þarna væri um tvær kynslóðir kvarnarsteina að ræða, komið var með nýjan kvarnarstein þegar hinn forni brotnaði. Bendir það til að á 16.-17. öld hafi korn verið malað á staðnum. Engar heimildir eru til um að mölun korns hafi verið selstarfi og eru þetta einu kvarnarsteinarnir sem hafa fundist í seli svo vitað sé.⁴⁸

Fornleifarnar benda til þess að um árstíðabundna búsetu hafi verið að ræða. Sandur og

⁴⁶ Lucas, Gavin. 2010. „The Ceramic Revolution in Iceland 1850–1950.“, 125.

⁴⁷ Lucas, Gavin. 2011. „Pálstóftir.“, 204.

⁴⁸ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2016. Pers. com.

áfok var í torfveggjum, inn á milli strengja, yfir gólfum og á milli öskulaga. Þetta er því að öllum líkindum selstaða en þó er ekki ósennilegt að staðurinn hafi verið nýttur á veturna sem beitarhús líkt og tíðkaðist í Fljótshlíðinni á Aurunum.⁴⁹ Ekki er heldur útilokað að hér hafi verið föst ábúð í einhvern tíma. Sé tekið mið af rituðum heimildum og gripum sem hafa fundist á staðnum er líklegt að notkunarsagan sé ekki löng. Byggingarnar eru líklega fallnar úr notkun á 17. öld. Engin jarðlög eru ofan á minjunum og því ekkert hægt að fullyrða um endalokin eða mögulega yngri notkun – en ekkert sérstakt bendir til að notkunarskeiðin hafi verið fleiri en þetta eina. Þó Drumbabót hafi lent illa í klóm náttúruaflanna eru sel oft vel varðveittar minjar, hlutfallslega betur en aðrar fornleifar og ræður því sérstaklega fjarlægð frá mannabústöðum.⁵⁰ Rannsóknir á seljum byggja oftast á rannsóknarspurningum um landnýtingu í samhengi við umsvif höfuðbýlis því rannsóknir á selstöðum geta gefið vísbendingar um beitarstjórnun, skipulag, mannafla, efnahag, eignarhald og ítök.⁵¹ Umhverfissannsóknir á gróðurfari og skordýrum í einstökum húsum í seljum, auk rýmisrannsókna, varpa þó að líkindum skýrara ljósi á meginstörf í seljum en þeir fáu gripir sem finnast á slíkum stöðum.⁵² Gripirnir virðast líklegri til að vera lýsandi fyrir hjáverk og dægrastyttingu og jafnvel persónulegar eigur selfólks sem fer í einskona útilegu um tíma. Hið sama virðist gilda um aðrar búðir þar sem dvalið var árstíðabundið: Þingbúðir, verbúðir og búðir á verslunarstöðum hér á landi.

Til að draga niðurstöðurnar saman þá eru minjarnar eru frá 16.-17. öld en ekki er hægt að sjá hvenær hætt var að nota staðinn vegna lélegrar varðveislu. Umfang minjanna er töluvert, þarna eru a.m.k. tvær byggingar, gólf í þeim báðum og mikil aska. Það er greinilegt að árstíðabundin notkun var á staðnum og er það sterkasta vísbendingin um nýtingu þeirra sem selstöðu auk gripasafnsins. Ekki hefur áður fundist jafn stórt gripasafn við nokkra seljarannsókn á Íslandi en gripir hafa blásið þarna upp í nokkra áratugi. Gripasafnið er fjölbreytt en járngripir, að stórum hluta naglar, eru algengasti gripaflokkurinn. Þetta eru hóffjaðrir, kengir og annað sem hélt ílátum saman. En þarna eru líka afar áhugaverðir gripir, líkt og norski kvernasteinninn sem er sjaldgæfur hérlandis, textaspjaldið, hnífurinn og silfrið. Þetta eru allt hlutir sem við myndum ekki vænta í seli. En á móti kemur að hefðbundin selstörf skilja ekki eftir sig miklar minjar.

⁴⁹ Þórður Tómasson, 2015. 163; J. Johnsen, 1847. 49

⁵⁰ Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist*, 237.

⁵¹ Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist*, 237; Lucas, Gavin. 2011. „Pálstóftir.“, 204; Bjarni F. Einarsson. 2011. *Rústir í landi Úlfjótswatns*, 16; Bjarni F. Einarsson. 2015. *Heiðarbylin...VII*, 8.

⁵² Sjá. t.d. Gavin Lucas. 2011. „Pálstóftir.“, 196; Ásta Hermannsdóttir. 2014. *Ert þú svona sætur?*, 8.

Heimildaskrá

- [Án höfundar]. 1940. „Drög að iðnorðasafni fyrir trésmíðar“. *Tímarit iðnaðarmanna*, 13. árg., 3 tbl., 41-44.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913-1917. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1710*. Kaupmannahöfn, S. L. Möller.
- Ásta Hermannsdóttir. 2014. *Ert þú svona sætur? Sel og seljabúskapur á Íslandi með áherslu á Helgafellssveit og Eyrarsveit á Snæfellsnesi*. MA-ritgerð. Háskóli Íslands.
- Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist*. Reykjavík, Opna.
- Bjarni F. Einarsson. 2011. *Rústir í landi Úlfjótswatns. Fornleifarannsókn á fornri útstöð hjá Fossá í Grafningi. Fornleifar nr. 65: 1-3. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan*.
- Bjarni F. Einarsson. 2015. *Heiðarbylin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellssýslu. Rúst II við Fjaðrá*. Skýrsla VII. Fornleifafræðistofan.
- Bragi Sigurjónsson. 1985. „Selfarir.“ *Göngur og réttir III*. Akureyri, Bókaútgáfan Skjaldborg, 7-31.
- Brynjúlfur Jónsson (1902). „Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1902*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-32.
- Drumbabót. Katlageopark. Slóðin er: <http://www.katlageopark.is/skoda/drumbabot/>
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Kristborg Þórsdóttir, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2012. *Í sambúð með óværum granna: Forkönnun á ástandi, aldri og eðli eyðibýggðar í nágrenni Heklu* (FS482-11011). Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2007. „Medieval and early modern beads from Iceland.“ *Archaeologica Islandica* 6. Gavin Lucas (ritstj.) Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 9-31.
- Færden, Gerd. 1990. „Metallgjenstander.“ *Dagliglivets gjenstander – del 1*. In: *De arkeologiske utgravninger i Gamlebyen, Oslo. Bind 7*. Eric Schia and Petter B. Molaug ed. Øvre Ervik, 181-292.
- Goodall, Ian H. 1993. „Iron knives.“ *Norwich households. Medieval and Post-Medieval Finds from Norwich Survey Excavations 19971-78*. Sue Margison (höf.). EAA 58: East Anglian Archaeology. Report No. 58. Norwich Survey, 124-133.
- Goodall, Ian H. 2011. „Knives, shears and scissors.“ *Ironwork in Medieval Britain. An Archaeological Study. The Society for Medieval Archaeology Monograph* 31, 105-159.
- Grenne, T., Heldal, T., Meyer, G.B. and Bloxam, E.G. 2008. From Hyllestad to Selbu:

- Norwegian millstone quarrying through 1300 years. In Slagstad, T. (ed.) *Geology for Society, Geological Survey of Norway Special Publication, 11*, pp. 47–66. Slóðin er: http://www.copenhagen.dk/files/udgravninger/metro/App_29_Rhp_Knives_Report.pdf
- Guðni Þór Guðmundsson. 2015. Pers. comm. varðandi skipulagðar ferðir með ferðamenn í Drumbabót.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.
- Jónas Jónasson. 1961. *Íslenzkir þjóðhættir*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja H.F.
- Kristinn Jónsson. Pers. comm. varðandi minjastaðinn í Drumbabót.
- Kristján Eldjárn. 1988. „Forngrípaskrá.“ *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík, Lögberg, 47-146.
- Lilja Árnadóttir. 1987. „Kúabót í Álftaveri VIII.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1986*, 97-99.
- Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. Viðargreining grip DRU-16.
- Lucas, Gavin. 2010. „The ceramic Revolution in Iceland.“ *Table Settings. The Material Culture and Social Context of Dining AD1700-1900*. J. Symonds (ed.). Oxbow books, 125-132.
- Lucas, Gavin. 2011. „Pálstöftir.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2011*, 187-208.
- Lucas, Gavin. 2015. Greining á leirilátum skráðum undir DRU-32 a, b, c.
- Lucas, Gavin. 2016. Pers. comm. varðandi hnífa í Skálholti.
- Mörður Árnason (ritstj.). 2002. *Íslensk orðabók. A-L*. 3 útgáfa. Reykjavík, Edda.
- Oddgeir Guðjónsson. 1975. *Örnefnalýsing: Aurasel*. Óutgefin skýrsla. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1999). *Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúparhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit. FS095:99021*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ólafur Eggertsson (2013). Sótt þann 30.11.2015. Slóðin er: <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/1906>
- Portable Antiquities Scheme*. Knife. Unique id: Berk – E52583. Skoðað í janúar 2016: Slóðin er: <https://finds.org.uk/database/artefacts/record/id/491530>
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Kristborg Þórsdóttir og Jakob Orri Jónsson (í vinnslu). *FS597-13031. Aðalskráning fornleifa í Rangárfingi eystra*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2015. Greining á DRU-30, broti á Staðarbakka af ljósmynd og Þjms. 1992-25.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2016. Pers. com. Um kvarnarsteina í seljum.

Sunnlenskar byggðir IV: Rangarþing I. 1982. Þórður Tómasson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands: [Selfoss].

Whatley, Stuart. [án ártals]. Knives Report. *Rådhuspladsen KBM 3827*. Skoðað 26.1.2016: Slóðin er:
http://www.copenhagen.dk/files/udgravninger/metro/App_29_Rhp_Knives_Report.pdf

Þór Magnússon. 2004. „Málmsmíðar. Gripir til gagns og prýði.“ *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar). Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík 2004, 302-311.

Þórður Tómasson. 1986. „Sögubrot úr Sandhólma.“ *Goðasteinn*, 25. árg., 5-30.

Þórður Tómasson. 2015. „Teigssel og selstörf.“ *Ljóð og líf Helgu Pálsdóttur á Grjóta*. Sæmundur, 163-172.

Þórður Tómasson. 2015. Pers. comm. varðandi bókasþennsl frá Drumbabót.

Þórður Tómasson. *Safnskrá Rangárvallasýslu. Byrjuð 2002*. Skógasafn.

Viðauki I: Drumbabót 2015; Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

INNGANGUR

Þann 30. september 2015 var farin vettvangsferð að Drumbabót á eyrum Þverár í Fljótshlíð. Skoðaðir voru alls sex könnunarskurðir. Um er að ræða mjög eydda rúst á ílögum hól sem rís 2-3 m yfir aurana. Mikið er af smáum hellum í yfirborðinu, líklega þakhellum, og öðru grjóti. Einnig má sjá dálítið af torfleifum. Skurðirnir leiddu í ljós að lítið er varðveitt af byggingum í hólnum. Sjá mátti þó slitrur af gólflögum, móöskulögum og torfi. Þykkasta torfið var að finna í skurði #1, alls um fet að þykkt, þar voru gjóskulög undir mannvistarlögum enn fremur best varðveitt. Engin gjóskulög var að finna ofan á mannvistarlögum. Snið var mælt í skurði #1. Sýni voru tekin til frekari skoðunar í smásjá.

NIÐURSTÖÐUR

Drumbabót í Fljótshlíð

Samkvæmt fyrri rannsóknum má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög við Drumbabót (frá og með Landnámslagi),

H-1947

K-1918

K-1755

K-1721

H-1597

H-1510

K~1500


H-1341

H-1206 (ólífugrátt)

Katla-R (frá ~920)

Landnámslag frá 871 (fundist hefur vatnsborinn vikur úr LNL við Þverá)

Ekki er gefið að öll þessi lög finnist og jafnframt er möguleiki að önnur lög en hér eru listuð finnist. Flest lögín eru frá Kötlu og Heklu. Öll eru lögín dökkleit, grá eða svört, nema H-1206 sem er ljósgrátt.



Mynd 12. Snið úr skurði #1 í Drumbabót (vesturbakki)

Í sniðinu í skurði #1 kemur fram að næst undir torflögum er grábrúnt vikurlag og svart gjóskulag þar fast undir (mynd 1). Hér er um að ræða gjóskulögin K~1500 (svart lag) og H-1510 (vikurlagið). Þetta lagapar má rekja um mestallt Suðurlandsundirlendið. Á milli vikurlagsins og torfsins má sums staðar sjá þunnt gróft moldarlag, minna en 5 cm þykkt. Út frá afstöðu mannvistarlaganna til gjóskulaganna er líklegast að þau séu frá 16. öld eða síðar. Stungin var hola talsvert niður fyrir mannvistarlögin til að athuga hvort fleiri gjóskulög leyndust þar. Á 45 til 85 cm dýpi er grábrúnn siltkenndur jarðvegur með nokkrum gjóskulögum. Alls mátti sjá þar þrjú svört lög og eitt ljósleitt. Nokkuð er líka um þunn gjóskurík lög (hreyfð). Erfitt er að tengja þessi lög þekktum eldgosum, en til að svo mætti verða þyrfti að finna einhver þekkjanleg leiðarlög. Vert er þó að benda á að í ljósleita laginu reyndist vera talsvert af hvítum hnöttóttum vikurkornum. Líklegast er hér um Hekluvikur að ræða, mögulega frá hinu mikla gosi árið 1104. Ekki er ólíklegt að finn vikur hafi dreifst í einhverjum mæli um Þveráreyrar í því gosi eða kjölfar þess. Meginhluti gjóskunnar barst hins vegar með vindum til norðurs. Á um 115 cm dýpi er allþykkt dökkt gjóskulag ofan á sandlagi. En ofan á gjóskulaginu er ljósbrúnt siltkennt lag með áberandi mikið að oxuðum róta- og stönglaförum. Svo virðist sem gróður hafi náð sér á strík þegar það myndaðist. Leifar birkiskógarins í Drumbabót sem talinn er hafa eyðst í Kötluhlaupi um 822 er nokkru undir botni sniðsins (allt að einum metra). Í öðrum könnunarskurðum, fimm talsins, var afstaða mannvistarlaga til gjóskulaga sú sama og í skurði #1, eftir því sem best varð séð.

HELSTU HEIMILDIR

Guðrún Larsen 2000. Holocene eruptions within the Katla volcanic system, South Iceland.

Jökull 49, 1-28.

Guðrún Larsen 2010. Katla: Tephrochronology and eruption history. The Mýrdalsjökull ice cap, Iceland. Glacial processes, sediments and landforms on an active volcano (ritstj.

A. Schomacker, J. Krüger and K. H. Kjær). Developements in Quaternary Sciences, 13.

Smith, K.T. og Dugmore, A. J. 2006. Jökulhlaups circa Landnám: Mid- to late first millenium AD floods in South Iceland and their implications for landscapes of settlement.

Geografiska Annaler: Series A, Physical Geography 88 (2).

Óskar Knudsen og Ólafur Eggertsson 2005. Jökulhlaupaset við Þverá í Fljótshlíð. Í: Hættumat

vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli.

Ríkislögreglustjórinn og Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 113-122.

Ólafur Eggertsson 2013. Ný aldursákvörðun fornskógar (dagsett 6.5.2013). Sótt þann 3.

október af: <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/1906>


Sigurður Þórarinnsson 1968. Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

Viðauki II: Ljósmyndir af gripum og úr vettvangsrannsókn





Mynd 14. Leir. Brot af ilátum báðar hliðar. Brot lengst til vinstri af potti og til miðju eru tvö brot af disk. Öll talin vera frá c. 16.-18. öld.



Mynd 15.. Blý og samsettur gripur úr koparblöndu og viði. Efri röð. Til vinstri á myndunum er ádráttur? DRU-14 og til hægri bráðinn blýmoli DRU-15. Neðri röð: Til vinstri, blýmoli DRU-27. Í miðju, samanbrotin blýþynna DRU-39. Til hægri endabrot af viðargjörð um stafailát DRU-16.



Mynd 16. Koparblanda. Efst. Til vinstri, þynnur, rær og brot DRU-12. Til hægri, samanbrotin þynna líkist vari DRU-11. Miðja. Til vinstri, knappur af skaftenda hnifs með gati DRU-13. Til hægri, tvær myndir af knappi af skaftenda hnifs DRU-33. Neðsta röð. Til vinstri, samanbrotin koparþynna DRU-38. Til hægri blýþynna með bótum, DRU-49.



Mynd 17. Steinar. Efsta röð. Til vinstri, brýni DRU-29, til hægri ýmsir steinar sem týndir hafa verið upp ósnertir af mannahöndum DRU-40. Miðja, báðar myndir eru af kvarnarsteinabrotum úr norskum steini, nærmynd til vinstri. DRU-30. Neðst eru mynd af innfluttri tinu til eldsláttar, lengst til vinstri. Hinir eru óunnir skrautlegir smásteinar aðfluttir á staðinn DRU-17





Mynd 20. Svipmyndir úr skurði 2.



Mynd 21. Skurður 3.



Mynd 22. Skurður 4. Svipmyndir af vinnslu hans.



Mynd 23. Skurður 5.



Mynd 24. Skurður 6.

Viðauki III: Gripaskrá

Fundaúmer	Heiti	Efni	Lýsing	Vigt	Fjöldi	Geymslustaður
DRU-01	Hestskónagli	Járn	Hestskónaglar alls 14 talsins og þar af 5 heilir og nokkrir bogdir. Naglarnir eru með venjulegu lagi, ílangur haus, svo til þríhyrninglaga. Að ofan eru naglarnir oftast flatir eða örlítið kúptir eða reistir. Lengd heilla 3,2-4,5 cm.	59,8	16	Skógasafn
DRU-02	Nagli	Járn	Naglar, 12 talsins, af mismunandi stærðum og gerðum, 9 nánast heilir og 3 brotnir. Hausar eru flatir hringlaga, T-laga og ílangir þríhyrningslaga (ef til vill hestskónagli). Tveir naglar eru kengbogmir. Naglarnir hafa ýmist sívalt eða ferstrent snið. Lengd heilla nagla 3,9-8,4 cm.	90,1	12	Skógasafn
DRU-03	Kengur	Járn	Járnkengir, allir skertir.	40	9	Skógasafn
DRU-04	Skeifa	Járn	Skert og veðruð flatskeifa, eitt gat varðveitt.	12,9	1	Skógasafn
DRU-05	Ró	Járn	Tvær rær, önnur hálf. Sú heila er 2,5x2,9 cm stór.	7,3	2	Skógasafn
DRU-06	Meitill	Járn	Meitill, ferstrendur í sniði. Skalli svolítið hnoðaður. Lengd 12,3 cm. Brotið af bláenda sem mjókkar fram, dregst að sér tvær hliðar, er um 1,3 neðan hauss en um 0,6 cm við enda. Þykkt er sú sama til enda, 0,7 cm.	57,4	1	Skógasafn
DRU-07	Blindingur	Járn	Blindingur? Flatir ferstrendur járnteinn, sverastur um miðjuna en dregst að sér til beggja enda. Stærð 0,4x0,6 cm þar sem hann er sverastur. Annar endi svolítið sveigður.	6,4	1	Skógasafn
DRU-08	Ógreinanlegt	Járn	Ógreinanleg járnbrott, undin og brotin.	29,9	6	Skógasafn
DRU-09	Ljósahald?	Járn	Ljósahald eða kertahald? Þrjú brott sem eru áþekkt, hvass spíss eða tangi sem hefur flatt ferstrent snið og á tveimur brottanna er flathamraður endi, skertur. Líkist því að gætu verið brott af ljóshöldum líkt og Kristján Eldjárn sýnir í forngripaskrá yfir gripi í Skálholti, bls. 90 mynd 47 af S352, S353, S352, S349 og 350. Allt þó frekar óljóst. Stærð brottanna er: a) 7x1,6x0,4 cm. b) 5x1x0,3 cm. c) 3,1x1,8x0,3 cm.	18,2	3	Skógasafn
DRU-10	Festing	Járn	Samanbrotið flatt járnstykki með lokaðri lykkju á enda. Óþekkt hlutverk.	10,6	1	Skógasafn
DRU-11	Slíður?	Koparblanda	Hnífsslíður? Einhverskonar var úr koparblöndu. Málmþynna beygð saman og myndar hnífsform, gróf áferð er á málminum og á honum eru örlítill göt, sennilega tæring. Stærð 5,7x1,9x0,7 cm.	6,6	1	Skógasafn
DRU-12	Þynna & ró	Koparblanda	Samanhnoðaðar þynnur með útflöttum nöglum eða naglagötum (5), tvær rær önnur ferningslaga hin nú þríhyrningslaga og einn upprúllaður hólkur, alls 8 brott.	22,3	8	Skógasafn
DRU-13	Knappur (Hnífur)	Koparblanda	Steyptur knappur, líkist lafi, af skaftenda hnífs, gat er á knappinum til skrauts. Stærð: 1,8x1,2x0,4 cm. Af hnífi með breiðum tanga.	2,36	1	Skógasafn
DRU-14	Ádráttur?	Blý	Lítill ádráttur, fremur en sylgja, steypur úr blýi, tvöfaldur. Ef þetta væri sylgja væri ásin á	6,7	1	Skógasafn

			endanum á umgjörðinni en ekki á miðjuás því hann flatur í laginu. Fremur illa gerður hlutur og ójafn. Stærð: 2,6x1,3x1 cm.			
DRU-15	Klumpur	Blý	Aflangur bráðinn blýklumpur.	12,3	1	Skógasafn
DRU-16	Gjörð	Koparblanda, viður	Sennilega brot af viðargjörð um stafalát. Endar festir saman með koparnagla og ró. Viðurinn er skógarfura, ekki var hægt að greina hvort hún væri rekaviður, þá frá A-Rússlandi, eða innflutt þá að öllum líkindum frá N-Evrópu.	3	1	Skógasafn
DRU-17	Steinn	Steinn	Fjórir litríkir smásteinar, einn er af innfluttri tinu til eldsláttar, hinir þrír eru enn ógreindir til tegundar en gætu verið aðfluttir á bæjarstæðið.	6,5	4	Skógasafn
DRU-18	Nagli	Járn	Naglar, 12 talsins og 1 ró. Naglarnir eru af mismunandi stærðum og gerðum, allir skertir utan eins sem er óvenjulega fingerður með flatan haus aðeins 0,4 cm í þvermál. Hausar þessara nagla eru oftast flatir hringlaga og leggir stuttir með ferningslaga snið og dragast að sér á 2 hliðar.	58,3	13	Skógasafn
DRU-19	Hestskónagli	Járn	Hestskónaglar alls 20 talsins og þar af 3 heilir en flestir aðeins skertir og nokkrir bogfir. Naglarnir eru með venjulega lagi, ílangur haus, svo til þríhyrninglaga. Að ofan eru naglarnir oftast flatir eða örlítið kúptir eða reistir. Lengd heilla c. 3-3,3 cm.	56,9	20	Skógasafn
DRU-20	Krókur	Járn	Litlir krókar, þrír af sömu gerð. Hlutverk óvíst en gripir þessir eru heilir og hafa samskonar fundist víðar við fornleifarannsóknir.	2,4	3	Skógasafn
DRU-21	Kengur	Járn	Þrjár kengur, litlar. Sú stærsta er nokkuð heil, um 2,7 cm löng og um 1,6 cm yfir bug.	4,6	3	Skógasafn
DRU-22	Blindingur?	Járn	Blindingur? Ferstrendir járnteinar litlir, sumir dragast að sér til begga enda aðrir gætu verið naglaleggir.	12,4	7	Skógasafn
DRU-23	Skeifa	Járn	Lítið skeifubrot, brotið um eitt naglagat. Allar hliðar skertar.	16,3	1	Skógasafn
DRU-24	Lykill?	Járn	Lykilbrot? Lítil brotinn hlutur með holum legg og þar við gæti verið leifar auga. Væri þá lykill til að snúa. Stærð 2,8x1,5x0,55 cm.	2,5	1	Skógasafn
DRU-25	Vír	Járn	Örlítið undinn vír, þvermál 0,15 cm.	0,47	1	Skógasafn
DRU-26	Brot	Járn	15 ílöng járnbrots, sívöl og ferningslaga í sniði. Teinar ýmskonar allir skertir, gætu verið naglabrot t.d.	44,6	15	Skógasafn
DRU-27	Klumpur	Blý	Blýmoli, bráðinn.	3,9	1	Skógasafn
DRU-28	Steinn	Steinn	Óunnir steinar. Ógreindir til tegundar.	377,7	19	Skógasafn
DRU-29	Brýni	Steinn	Fimm brýni, innflutt, sennilega norsk. Öll mikið eydd. Ógreind til uppruna.	97,2	5	Skógasafn
DRU-30	Kvarnarstein	Steinn	Átta brot úr innfluttum norskum kvarnarsteini. Glimmerskiffer.	175,6	8	Skógasafn
DRU-31	Knappur (Hnífur)	Koparblanda	Steypur knappur af skaftenda hnífs, axarlaga, tvær skorur eru á sitthvorri hlið til skrauts. Leifar gyllingar eru á gripnum. Stærð: 1,35x1,9x0,6 cm. Af hnífi með breiðum tanga.	6,1	1	Skógasafn
DRU-32	Ílát	Leir	Fjögur leirkersbrots, þar af tvö af sömu gerð, sennilega af sama íláti: a) Brot af þrífættum potti	8,2	4	Skógasafn

			(pipkin). Sennilega frá Rínarhéruðum. Talið vera frá c. 16.-18. öld. Stærð 3,9x2,3x0,5 cm. b) Tvö diskbrot frá Skandinavíu eða N-Pýskalandi. Sennilega frá c. 16.-18. öld. Stærð stærra brots er: 1,8x1,8x0,4 cm. c)			
DRU-33	Nagli	Járn	Naglar, 12 talsins og 1 rónagli. Naglarnir eru af mismunandi stærðum og gerðum, fjórir heilir. Hausar þessara nagla eru oftast flatir hringlaga og leggir stuttir með ferningslaga snið og dragast að sér á 2 hliðar. Einn kúptur naglahaus, skrautbóla?, en leggurinn er brotinn af. Lengd heilla nagla er c. 2,7 - 3,2 cm.	45,4	13	Skógasafn
DRU-34	Hestskónagli	Járn	Hestskónaglar alls 11 talsins og þar af um 4 nokkuð heilri en flestir aðeins skertir og nokkrir bognir. Naglarnir eru með venjulega lagi, ílangur haus, svo til þríhyrninglaga. Að ofan eru naglarnir oftast flatir eða örllítið kúptir eða reistir. Lengd heilla fjaðra er c. 3-3,8 cm.	27,8	11	Skógasafn
DRU-35	Blindingur?	Járn	Blindingur? Litlir teinar, óreglulegir í sniði, annar mjókkar til beggja enda. Hinn gæti verið naglaleggur. Lengd lengri er 5,7 cm.	4,25	2	Skógasafn
DRU-36	Brot	Járn	Nokkur ógreinanleg járnbrots, eitt er sennilega naglahaus.	13,6	6	Skógasafn
DRU-37	Lykkja	Járn	Járnlykkja úr bognum vír, 3,6x1,4 cm stór. Snið óreglulega ferstrent 0,25x0,3 cm.	1,9	1	Skógasafn
DRU-38	Þynna	Koparblanda	Samanbrotin koparþynna, hliðar reglulegar. Hlutverk óvíst.	4,3	1	Skógasafn
DRU-39	Þynna	Blý	Samanbrotin blýþynna, skæld og snúin. Stærð 1,4 x 1 cm.	4,9	1	Skógasafn
DRU-40	Dýrabein	Dýrabein	Dýrabein, aðallega tennur.	90,9	x	Skógasafn
DRU-41	Klumpur	Járn	Klumpar ógreinanlegir.	30,9	2	Skógasafn
DRU-42	Fiskasleggja	Steinn	Brotin til hálf, basalt.	x	1	Skógasafn
DRU-43	Fiskasleggja	Steinn	Brotin til hálf, basalt.	x	1	Skógasafn
DRU-48	Hestskónagli	Járn	Hestskónagli með venjulegu lagi, lítið skertur, aðeins boginn.	5,8	1	Skógasafn
DRU-49	Þynna	Koparblanda	Ílöng koparþynna með hnoðuðum nagla. Öðru megin á brotinu er tvö naglagöt og er þynnan brotin um annað þeirra. Tærð og skert. Hlutverk óvíst. Stærð 5,45x1,2x0,05 cm.	3,3	1	Skógasafn
DRU-50	Dýrabein	Dýrabein	Tönn - dýrabein. Ógreind frekar.	18	x	Skógasafn
DRU-51	Járnútfelling	Náttúrulegt	Járnútfellingar um rætur, mynda rör.	44,9	x	Skógasafn
Forn. Rann.DRU-2015-47-1	Dýrabein	Dýrabein	Brennd og óbrennd. Léleg varðveisla á óbrenndu beinunum. Ógreind til tegundar.	18,2	x	Fornleifastofnun
Forn. Rann.DRU-2015-47-2	Nagli	Járn	Næstum heill nagli, um 5 cm langur með flatan hringlaga haus. Snið ferstrent og mjókka þær allar að oddi.	13,1	1	Fornleifastofnun
Forn. Rann.DRU-	Dýrabein	Dýrabein	Brennd og óbrennd. Léleg varðveisla á óbrenndu beinunum. Ógreind til tegundar.	12	x	Fornleifastofnun

2015-47-3						
Forn. Rann.DRU-2015-47-4	Hestskónagli	Járn	Hestskónagli með venjulegu lagi, lítið skertur bláodd vantar.	1,4	1	Fornleifastofnun
Forn. Rann.DRU-2015-47-5	Dýrabein	Dýrabein	Herðablað. Ógreint til tegundar sennilega kind.	76,2	x	Fornleifastofnun
Óskráður	Brýni	Steinn	Virðist af mynd vera innflutt norskt brýni.	x	1	Staðarbakki
Óskráður	Kvarnarstein	Steinn	Kvarnarsteinn úr íslensku basalti. Yfirsteinn með kraga um augað.	x	1	Staðarbakki
Óskráður	Ógreint	Ógreint	Ógreint.	x	1	Staðarbakki
Óskráður	Perla	Raf	Rafperla? Af verð sem svipar til perlna eftir víkingaöld en þá minnkar op þeirra. Perlan er hnöttótt og rafgul á lit. Lýst af ljósmynd.	x	1	Staðarbakki
Óskráður	Þynna	Koparblanda	Koparþynna, skálduð. Greind af ljósmynd.	x	1	Staðarbakki
R-7023	Hnífur	Járn	Járnhnífur, einjárnungur, mjög ryðtekinn. Hnífurinn er sérstæður að gerð og ekki yngri en frá 16. öld. Óvíst hvort íslensk eða útlend smíði. Fundinn af gefanda fyrir mörgum árum í uppblásinni bæjarrúst við svokallaða Drumbabót í landi Breiðabólstaðar neðan við Þverá.	x	1	Skógasafn
R-7201	Kirkjugripur	Silfur	Lítill ferhyrndur silfurgripur, 2,3 x 2,3 cm, gataður á hornum. Sporöskjulaga umgerð, 2,1 x 1 cm. er ofan á honum, greinilega gróp fyrir skrautstein. Einföld strikaskreyting með brúnum. Jón fann gripinn í uppblásturs bæjarrúst nærri svonefndri Drumbabót fyrir neðan Þverá í Fljótshlíð, nú í landi Breiðabólstaðar. Fundur gerðist með sama hætti og við Reynifellsöldu. Gripurinn var nánast jafnlitur jarðvegi. Við skoðun kom í ljós að þetta var silfur. Miklar líkur eru til þess að gripurinn sé skreyti af miðju textaspjaldi kirkju og koma hér tveir staðir til álita, Breiðabólstaður og Lambey, en þar var kirkja fram um miðaldir.	x	1	Skógasafn
Þjms.	Bókarspenn	Koparblanda	Eina letraða málmspöng þaðan afhenti ég (Þ.T.) Þjóðminjasafni... [Sennilega árið 2007]	x	1	Þjóðminjasafn
Þjms. 1992-25	Kvarnarstein	Steinn	Í Aðfangabók segir: Margrét Hallsdóttir, jarðfræðingur, afhenti 2 kvarnarsteinabrot, líklega úr sömu kvörn. Brotin eru þykkst út við ytri brún, um 5-6 cm en aðeins um 3 cm inn við miðju. Annað brotið er 22,5 cm í þvermál og 22,5 cm breitt. Það hefur brotnað um gatið sem möndultréð sat í, sem hefur verið 3 cm í þvermál. Hitt brotið er 23 cm í þvermál og um 10 cm breitt. Steinarnir eru úr glimmeri, hugsanlega með garnet kristöllum í, af erlendu bergi brotinn. 2015: Sólveig Guðmundsdóttir Beck lét senda sýni úr steininum til Gurli Meyer því steinninn er mjög líkur kvarnarsteinum sem koma frá Saltdal svæðinu í Norður-Noregi. Enn er beðið niðurstaðna.	x	1	Þjóðminjasafn

Viðauki III: Einingaskrá

Einingarnúmer	Lýsing	Skurður
1	Yfirborð, sandur/áfok	skurður 6
2	Blandað lag, áfok og torfblendingur	skurður 6
3	Áfok og torfhrun	skurður 6
4	Gólflag m/ viðar- og móösku og viðarkolum	skurður 6
5	Torfveggur, strengur	skurður 6
6	Viðaraska í niðurgreftri 7	skurður 6
7	Niðurgroftur, hlutverk óþekkt	skurður 6
8	Yfirborð, sandur/áfok	skurður 1
9	Torfhrun, veggjahrun	skurður 1
10	Torfhrun, mögulega þakhrun	skurður 1
11	Grófur vikur	skurður 1
12	Svört gjóska	skurður 1
13	Torfveggur, strengur	skurður 1
14	Óhreyft, hugsanlega jaðarrof	skurður 1
15	Yfirborð, sandur/áfok	skurður 2
16	Torfveggur, strengur og veggjahrun	skurður 2
17	Viðaraska	skurður 2
18	Sandur, áfok?	skurður 2
19	Gólf	skurður 2
20	Viðaraska með viðarkolum og brenndum beinum	skurður 2
21	Blandað lag, áfok, viðaraska og torfblendingur	skurður 2
22	Viðaraska með viðarkolum og brenndum beinum	skurður 2
23	Blandað lag, áfok og torfhrun	skurður 2
24	Torfveggur, strengur	skurður 2
25	Niðurgroftur	Skurður 2
26	Grjóthleðsla	skurður 4
27	Torfveggur, strengur. Sama og 013	skurður 4
28	Yfirborð, sandur og blandað torf	skurður 4

Viðauki IV: Hnitaskrá

Svæði	Northing	Easting
Skurður 2	356895.582	444689.671
Skurður 1	356909.095	444683.839
Skurður 3	356959.264	444728.774
Skurður 4	356908.582	444689.696
Skurður 5	356902.383	444682.509
Skurður 6	356909	444670